

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2009/EES/25/13

frá 20. desember 2005

um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu (*)

(2005/928/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 90/544/EBE frá 9. október 1990 um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan Bandalagsins (ERMES-tilskipunin) ⁽²⁾ var felld úr gildi þann 27. desember 2005 með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/82/EB ⁽³⁾. Í þeirri tilskipun var þess krafist að aðildarríkin tilgreindu fjórar rásir á tíðnisviðinu 169,4 til 169,8 MHz fyrir almenna, samevrópska, þráðlausa boðkerfið (hér á eftir nefnt ERMES-kerfið) og þau tryggðu, eins fljótt og unnt væri, að nýta mætti allt tíðnisviðið 169,4 til 169,8 MHz fyrir þráðlausar sendingar í samræmi við kröfur markaðarins.
- 2) Notkun á tíðnisviðinu 169,4 til 169,8 MHz fyrir þráðlausar sendingar fyrir ERMES-kerfið innan Bandalagsins hefur dregist verulega saman eða verið alfarið hætt þannig að þetta tíðnisvið er ekki lengur notað með skilvirkum hætti fyrir ERMES-kerfið og gæti af þeim sökum nýst betur til að uppfylla aðrar þarfar sem tengjast stefnu Bandalagsins.
- 3) Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar gaf framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (hér á eftir nefnd Samtök póst- og fjarskiptastjórna) umboð til að
 - 4) Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu (rammatilskipunin) ⁽⁴⁾ skulu aðildarríkin vinna að hagsmunum borgara Evrópusambandsins, m.a. með því að mæta þörfum tiltekinna þjóðfélags hópa, einkum heyrnarskertra og þeirra sem þarfnast brýnnar aðstoðar.
 - 5) Samtök póst- og fjarskiptastjórna staðfestu, á grundvelli tæknilegra rannsókna og upplýsingasöfnunar, að þrátt fyrir samþykkt tilskipunar 90/544/EBE hefur notkun á þessu tíðnisviði fyrir þráðlausar sendingar fyrir ERMES-kerfið verið mjög lítil og þörfin fyrir þráðlaust skilaboða- eða boðkerfi hefur breyst í Evrópu þar sem önnur tækni hefur komið í staðinn, t.d. smáskilaboð (SMS) í GSM-kerfinu.
 - 6) Því ber að breyta þeim hlutum tíðnisviðsins 169,4 til 169,8 MHz fyrir þráðlausar sendingar sem ætlaðir eru fyrir ERMES-kerfið í Bandalaginu til þess að tryggja skilvirkari notkun þessa tíðnisviðs til þráðlausra sendinga en varðveita um leið samræmingu þess.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 310, 9.11.1990, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 38.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

- 7) Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu hafa, eins og fyrir þau var lagt, sett fram nýtt tíðnisvipulag og rásaábyrgðarmulag sem gerir kleift að skipta tíðnisvipinu fyrir þráðlausar sendingar frá 169,4 til 169,8125 MHz á milli sex valinna notkunarvipa til að uppfylla ýmsar þarfir tengdar stefnu Bandalagsins. Þar á meðal er þörf heyrnarskertra einstaklinga fyrir aðstoð með notkun heyrnartækja en fyrir þann hóp myndi samræmt tíðnisvip fyrir þráðlausar sendingar í Bandalaginu hafa í för með sér betri aðstæður til ferðalaga milli aðildarríkjana og lækka verð á búnaði vegna stærðarhagkvæmni, þörf á þróun innri markaðar fyrir viðvörunarbúnað fyrir fólk (social alarms) sem gerir öldruðum og fötlúðum kleift að senda neyðarboð til að fá aðstoð, tæki til að rekja feril og slóð eigna sem myndu nýfast til að rekja og endurheimta stolnar eigur í gjörvöllu Bandalaginu, mælaaflestrarkerfi til notkunar fyrir vatns- og rafveitufyrirtæki og boðkerfi sem eru fyrir hendi, t.d. ERMES-kerfið, svo og kerfi fyrir færanleg þráðlaus fjarskiptatæki til einkanota (PMR) til tímabundinnar notkunar til aðstoðar vegna umfjöllunar um sérstaka, tímabundna viðburði í nokkra daga og allt upp í nokkra mánuði.
- 8) Niðurstöður verkefnisins sem Samtökum póst- og fjarskiptastjórna var falið og framkvæmdastjórnin telur fullnægjandi skulu látnar gilda í Bandalaginu og koma til framkvæmda í aðildarríkjunum. Þau leyfi sem eftir eru fyrir ERMES-kerfið og/eða kerfi færanlegra þráðlausra fjarskiptatækja til einkanota, sem eru ekki í samræmi við nýja tíðnisvipulagið og rásaábyrgðarmulagið, skulu haldast óbreytt þangað til þau renna út eða þar til hægt er að flytja notkunarvipu ERMES-kerfisins og/eða kerfis færanlegra fjarskiptatækja til einkanota yfir á viðeigandi tíðnisvip fyrir þráðlausar sendingar án þess að slíkt sé of mikil byrði.
- 9) Þegar aðgangur að tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar er leyfður ber að nota það kerfi til að veita heimildir sem er eins lítt þyngjandi og kostur er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ⁽¹⁾, þ.m.t. að ekki sé til staðar einstakur afnotaréttur.
- 10) Með fyrirvara um að tíðnirófsþarfir sérstakra stefnumála kunnir að krefjast sérstakrar tilgreiningar á tíðni þykir almennt rétt að leggja til eins almenna úthlutun á tíðnisvipi fyrir þráðlausar sendingar og mögulegt er til þess að stýra notkun þeirra eingöngu með skilgreiningum á sérstökum notkunartakmörkunum, t.d. vinnuferli eða sendingarstyrk og til þess að tryggja með samhæfðum stöðlum, sem eru viðurkenndir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽²⁾, að búnaður, sem er starfræktur á því tíðnisvipi sem er úthlutað, lágmarkar notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á þann hátt að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir.
- 11) Samræming rása í háafshluta tíðnisvipisins 169,4 til 169,8125 MHz milli aðliggjandi aðildarríkja skal tryggð með tvíhliða eða marghliða samningum.
- 12) Til þess að tryggja einnig skilvirka notkun tíðnisvipisins 169,4 til 169,8125 MHz til lengri tíma skulu yfirvöld halda áfram rannsóknum sem kunna að auka skilvirkni, einkum nýtingu auðkennds verndartíðnisvipis (guard band).
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Viðfangsefni þessarar ákvörðunar er samræming skilyrða fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á tíðnisvipinu 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar í Bandalaginu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „heyrnartæki“: þráðlaust fjarskiptakerfi sem felur yfirleitt í sér einn eða fleiri þráðlausa senda og eitt eða fleiri þráðlaus viðtæki og gerir heyrnarskertum einstaklingum kleift að heyrja betur,
- b) „viðvörunarbúnaður fyrir fólk“: áreiðanlegt þráðlaust fjarskiptakerfi og –net, þ.m.t. færanlegur búnaður sem gerir einstaklingi í háaska á afmörkuðu svæði kleift að gera ráðstafanir til að kalla eftir hjálp með einfaldri aðgerð,
- c) „mælaaflestrarkerfi“: þar sem hægt er að fylgjast með ástandi kerfis, lesa af því og gefa þjónustuskipanir með notkun þráðlausra fjarskiptatækja,
- d) „kerfi til að rekja feril og slóð eigna“: kerfi þar sem hægt er að rekja feril og slóð vara, sem leiðir til endurheimtar þeirra, yfirleitt byggt á þráðlausum sendi sem er komið fyrir á hlutum sem á að verja og móttakara og getur einnig haft að geyma viðvörunarbúnað,
- e) „boðkerfi“: kerfi sem býður upp á þráðlaus einstefnufjarskipti milli sendanda og móttakanda um móðurstöð og viðtakanda um færanlegt viðtæki,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

f) „fjarskipti með færanlegu, þráðlausu fjarskiptatæki til einkanota (PMR)“: farstöðvaþjónusta á landi sem notar einvirkan (simplex), hálfvirkir (half duplex) og e.t.v. fullkomlega tvívirkan (full duplex) ham á endastöð til að veita fjarskiptaþjónustu fyrir lokaðan hóp notenda.

3. gr.

Samræmd notkunarvið

1. Deila skal tíðnisviðinu 169,4 til 169,8125 MHz í lágafshluta og háafshluta. Mælt er fyrir um tíðniskipulag og rásafyrirkomulag hlutanna í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Lágafshluti tíðnisviðsins 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar skal nýttur fyrir eftirfarandi valin notkunarvið sem hér segir:

- a) til einkanota fyrir heymartæki,
- b) til einkanota fyrir viðvörunarbúnað fyrir fólk,
- c) til almennra nota fyrir mælaaflestrarkerfi,
- d) til almennra nota fyrir lágafssenda til að rekja feril og slóð eigna.

3. Háafshluti tíðnisviðsins 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar skal nýttur fyrir valin notkunarvið sem hér segir:

- a) fyrir háafssenda fyrir kerfi til að rekja feril og slóð eigna,
- b) fyrir boðkerfi sem eru fyrir hendi eða boðkerfi sem flytjast frá öðrum rásum á tíðnisviðinu fyrir þráðlausar sendingar.

4. Önnur notkunarvið fyrir tíðnisviðið 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar eru heimil að því tilskildu að þau hindri ekki samræmda notkun valinna notkunarviða. Þessi notkunarvið skulu vera sem hér segir:

- a) heymartæki fyrir almenna hluta lágafshluta tíðnisviðsins fyrir þráðlausar sendingar,

b) búnaður til að rekja feril, fyrir boðkerfi, bráðabirgðanotkun eða samskipti með færanlegum þráðlausum fjarskiptatækjum til einkanota á alþjóðlegum vettvangi á háafshluta tíðnisviðsins.

5. Hámark útgeislaðs afls á lágafshluta tíðnisviðsins 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar skal takmarkast við 0,5 vött af virku útgeisluðu afli (e.r.p.). Hámarksvinnuferli fyrir mælaaflestrarkerfi og kerfi til að rekja feril og slóð eigna í lágafshluta tíðnisviðsins 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar skal vera < 10% annars vegar og < 1% hins vegar.

6. Notkun á tíðnisviðinu 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar, fyrir boðkerfi og samskipti með færanlegum, þráðlausum fjarskiptatækjum til einkanota, sem leyfð eru til notkunar þann dag sem tilkynnt er um þessa ákvörðun og eru ekki í samræmi við ákvæði 1. til 5. mgr. 3. gr., er heimil, svo lengi sem leyfi fyrir slíkri þjónustu, sem eru fyrir hendi þann dag sem tilkynnt er um þessa ákvörðun, eru í gildi.

4. gr.

Framkvæmd 3. gr.

Ákvæði 3. gr. gilda frá 27. desember 2005.

5. gr.

Endurskoðun

Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með notkun tíðnisviðsins 169,4 til 169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar til að tryggja skilvirka notkun þess og tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður sínar.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tíðniskipulag fyrir tíðnisviðið 169,4-169,8125 MHz fyrir þráðlausar sendingar

Lágafsbúnaður										Vendartönisvið ⁽¹⁾	Háafsbúnaður														
Sérstakur lágafsbúnaður					Viðvör unarbúnaður fyrir fólk	Heymartæki			Viðvöru narbúnaður fyrir fólk		Kerfi til að rekja feril og slóð	Boðkerfi		Boðkerfi		Kerfi til að rekja feril og slóð	Kerfi til að rekja feril og slóð		Boðkerfi	Kerfi til að rekja feril og slóð					
Heymartæki					Einkanot						Þessar rásir er hægt að nota í hverju landi fyrir sig fyrir háafsbúnað, s.s. fyrir boðkerfi, rakningu, bráðabirgðanotkun eða fyrir færanleg þráðlaus fjarskiptakerfi til einkanota														
12,5					12,5	50			12,5		12,5 ⁽¹⁾														
1a	1b	2a	2b	3a	3b	4a	4b+5+6a	6b+7+8a	8b	9a	9b	10a	10b	11a	11b	12a	12b	13a	13b	14a	14b	15a	15b	16a	16b

Skýring:

1. lína:

flokkun búnaðar, þ.e. lágafsls- eða háafslsbúnaður,

2. lína: ákjósanlegur búnaður:

— Sérstakur lágafslsbúnaður: sjá c- og d-lið 2. mgr. 3. gr.

— Viðvörunarbúnaður fyrir fólk: sjá b-lið 2. mgr. 3. gr.

— Heymartæki: sjá a-lið 2. mgr. 3. gr.

— Kerfi til að rekja feril og slóð (háafslshluti): sjá a-lið 3. mgr. 3. gr.

— Boðkerfi: sjá b-lið 3. mgr. 3. gr.

3. lína: önnur notkunarsvið sjá 4. mgr. 3. gr.

4. og 5. lína: rasti fyrir rásir (í kHz) og númer fyrir rásir:

⁽¹⁾ Vegna möguleikans til þess að nota háafslsrás fyrir tímabundna notkun búnaðar. Til þess að greiða fyrir samræmingu milli landamæra verða kerfi sem nota 25 kHz rásir að taka tillit til rasta fyrir rásir sem hefjast við neðri mörk rásar 9.

Rásafyrirkomulag fyrir tíðnisvið 169,4 – 169,8125 MHz

12,5 kHz bandbreidd		25 kHz bandbreidd		50 kHz bandbreidd	
Númer rásar	Millitíðni	Númer rásar	Millitíðni	Númer rásar	Millitíðni
1a	169,406250	1	169,412500		
1b	169,418750				
2a	169,431250	2	169,437500	'0'	169,437500
2b	169,443750				
3a	169,456250	3	169,462500		
3b	169,468750				
4a	169,481250	4	169,487500		
4b	169,493750				
5a	169,506250	5	169,512500	'1'	169,512500
5b	169,518750				
6a	169,531250	6	169,537500		
6b	169,543750				
7a	169,556250	7	169,562500	'2'	169,562500
7b	169,568750				
8a	169,581250	8	169,587500		
8b	169,593750				
12,5 kHz „verndartíðnisvið“					
9a	169,618750	9	169,625000		
9b	169,631250				
10a	169,643750	10	169,650000		
10b	169,656250				
11a	169,668750	11	169,675000		
11b	169,681250				
12a	169,693750	12	169,700000		
12b	169,706250				
13a	169,718750	13	169,725000		
13b	169,731250				
14a	169,743750	14	169,750000		
14b	169,756250				
15a	169,768750	15	169,775000		
15b	169,781250				
16a	169,793750	16	169,800000		
16b	169,806250				